

V. KAFLI  
VERÐGILDI GJALDSKRÁR

1. Verðgildi gjaldstigs í þessari gjaldskrá er ..... g = kr.6 25
2. Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi rafveitunnar, enda sé grundvöllurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Hlutdeild kostnaðarliða í verðgildi gjaldstigsins er þannig, reiknað í % og krónum:

	%	kr.
a) Raforkukaup (orkukostnaður + verðjöfnunargjald) .....	48.6	= 3.0375
b) Laun .....	12.7	= 0.7938
c) Rafveitukerfi (efni og annar kostnaður) .....	18.3	= 1.1437
d) Ýmis kostnaður (opinber gjöld, skrifstofu, o. fl.) .....	20.4	= 1.2750

Vísitala reksturskostnaðar = Verðgildi gjaldstigs ..... 100 = 6.25

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef vísitala reksturskostnaðar hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira. — Skal þá að jafnaði miða við 1. janúar eða 1. júlí.

Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun áður en þær taka gildi.

Verðgildi gjaldstigs reiknast í hálfum eða heilum tug aura.

Ef hækkun fer upp fyrir 20% frá síðustu staðfestri gjaldskrá, skal leita staðfestingar ráðherra á nýrri gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 229 10. júlí 1974.

*Lönaðarráðuneytið, 10. október 1974.*

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

G J A L D S K R Á

Hitaveitu Seltjarnarness.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seltjarnarness selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Seltjarnarnesi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Seltjarnarness staðfestri 7. september 1971.

2. gr.

Hitaveita Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem í sambandi við vatnusæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upp-hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

### 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuði, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

## II. KAFLI

### 4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald, kr. 100.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald, kr. 800.00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils. Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð, og skulu þau greiddast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem bæjarstjórn ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjaldþaga.

## III. KAFLI

### 6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Seltjarnarness skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fastagjald:

Gjald á heimæð .....	kr. 72 000.00
0—300 m <sup>3</sup> .....	án gjalds
300—1000 m <sup>3</sup> kr./m <sup>3</sup> .....	— 86.00
100 og yfir kr./m <sup>3</sup> .....	— 59.00
1 aðrennslishemill á grind .....	— 18 000.00
2 aðrennslishemlar á grind .....	— 28 000.00

### 7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

### 8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

### 9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

**10. gr.**

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 000.00 í hvert skipti.

**11. gr.**

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá, sama efnis, úr gildi felld.

*Íðnaðarráðuneytið, 11. október 1974.*

F. h. r.

**Árni Snævarr.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**AUGLÝSING**

**um breytingu á verði lyfja.**

Frá og með 21. október 1974 tekur gildi breyting á verði lyfja samkv. LYFJA-VERÐSKRÁ I frá 10. júlí 1973.

Samkvæmt þessu skal leggja 17.9% á verð, samkvæmt greindri verðskrá, og fellur þá jafnframt niður 13.4% álag á Lyfjaverðskrá I, sem heimilað var með auglýsingu ráðuneytisins dags. 17. apríl 1974.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. október 1974.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Almar Grímsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð um váttryggingarstarfsemi og skráningu í váttryggingarfélagaskrá nr. 396 28. desember 1973.**

**1. gr.**

Úr L. lið 23. greinar falli burtu orðin: „Einnig skal skrá bráðabirgðaleyfi og frestun starfsleyfis, sbr. 16.—19. gr.“